

**Fg. 16.05.2022** kl. 15.00

**Mættir:** Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Magnússon. Gestir fundarins Elínborg Bárðardóttir, kennslustjóri HH og Inga Sif Ólafsdóttir, formaður blokkanevndar (kl. 15.40).

**Fjarverandi:** Kristín Huld Haraldsdóttir.

**Fundarefni:**

1) Elínborg Bárðardóttir og Margrét Ólafía Tómasdóttir (komst ekki) voru boðaðar frá HH til að ræða samvinnu við heilsugæsluna varðandi námsstaði og eftirlit kennsluráðs HH og ÞÍH með kennslustöðum, gæðastaðla sem notaðir verða og millibil á viðurkenningu sérnámsstaða í heimilislækningum (2 – 4 ár). Heilsugæslan er langstærsta sérnámseiningin og endurnýjun marklýsingar (tiltölulega afmarkaðar breytingar) mun koma í haust. Rætt um fjölda þeirra sem gætu verið í sérnámi og með handleiðslu á heilsugæslustöðvum sem væru á lista yfir staði sem gætu haft sérnámslækna. Rætt um að hafa hámarksfjölda tilgrindan. Af sérnámslæknum (SNL) er yfirleitt um helmingur í sjúkrhúshluta sérnámsins á LSH eða SAK. SNL hittir handleiðara (mentor) 1-2 x á viku og hefur góðan aðgang að öðrum læknum á stöðinni. Óskað var eftir gögnum um þetta frá ÞÍH vegna fyrirspurnar úr ráðuneytinu. Rætt um erfiðleika við að manna kennslu út á landi þar sem færri sérfræðilæknar með gild handleiðaranámskeið eru við störf.

2) Inga Sif Ólafsdóttir ræddi svipuð mál varðandi sérnámsgrunninn (kandidata). Lítillega uppfærð marklýsing fyrir sérnámsgrunninn er væntanleg á næstunni. Blokkanevndin vill endurskoða viðurkenndar starfsstöðvar og valdeildir. Það sem er inni á vef LSH og hjá EL er of gamalt. Allir handleiðarar þurfi að fara á upprifjunanámskeið og handleiðaranám ekki vel sótt, en ætti að vera skylda. Alls eru 17 sérgreinar sem má nota í sérnámsgrunn hér á landi, en þær eru færri erlendis og sérnámsgrunnur lengri (18 mánuðir t.d. í Danmörku) og hætta á að sumar sérgreinar sem hér má nota inn í sérnámsgrunn verði ekki viðurkenndar erlendis. Tala lækna sem eru í sérnámsgrunni nú er 102, en þeim fækkar vegna færri lækna sem útskrifast frá HÍ í ár ( $n = 31$ ). Á sjúkrahúshlutanum eru að koma læknar úr námi frá Danmörku og þau þurfa að skila upplýsingum um sérnámsgrunninn til þess að geta fengið hann metinn í Danmörku. M & h þarf að fá nánari upplýsingar um þetta og gera tillögur um hvaða deildir er unnt að hafa inn í sérnámsgrunni. Blokkanevndin þarf einnig að fá matsblöð til baka frá þeim deildum sem sérnámsgrunnslæknar fara á. Rætt um að HNE, augndeild, húð- og kynsjúkdómadeild, myndgreining og meinafræði þar sem ekki liggja inni sjúklingar ættu ekki að vera hluti sérnámsgrunns og vinna á vöktum til að fá sérnámsgrunnssárið metið er skilyrði á Norðurlöndunum. Þarf að setja reglur sem allir vita um svo hægt sé að koma þessu fast á og nota sem gæðaviðmið.

3) Önnur mál ekki reifuð. Næsti fundur 20.5. (aðal- og varamenn í M & h).